



Svæðisskipulagsnefnd höfuðborgarsvæðisins

Fundargerð

67. fundur svæðisskipulagsnefndar höfuðborgarsvæðisins var haldinn föstudaginn 10. júní 2016, kl. 15:00, skrifstofu SSH, Hamraborg 9, Kópavogi.

Mættir:

Reykjavík:

Hjálmar Sveinsson

Kópavogsbær:

Ása Richardsdóttir

Hafnarfjarðarbær:

Garðabær:

Mosfellsbær:

Bryndís Haraldsdóttir og Ólafur Ingi Óskarsson

Seltjarnarnesbær:

Stefán Bergmann

Kjósarhreppur:

Sigurður Guðmundsson, Steinpór Einarsson, Halldór Halldórsson, Ófeigur Friðriksson og Borghildur Sturludóttir boðuðu forföll. Einnig sat fundinn Hrafnkell Á. Proppé, svæðisskipulagsstjóri höfuðborgarsvæðisins, sem ritaði fundargerð.

Formaður, Hjálmar Sveinsson, setti fundinn og stýrði.

1. Breytingar á aðalskipulagi Kópavogs 2012 – 2024.

Erindi skipulagsstjóra Kópavogs þar sem kynnt er verkefnislýsing skv. 1. mgr. 30. gr. skipulagslaga:

Vaxtamörk byggðar / málsnr. 1604002

Vatnsvernd / málsnr. 1604003

Kópavogsgögn / málsnr. 1604004.

Sveitarfélagamörk í þéttbýli og upplandi / málsnr. 1604005

Miðhverfi, skilgreiningar / málsnr. 1604006

Auðbrekka / málsnr. 1604007

Smárin, vestan Reykjanesbrautar / málsnr. 16040078

Umræður:

Hrafnkell Á. Proppé, svæðisskipulagsstjóri, lagði fram ábendingar sem sendar voru á skipulagsstjóra Kópavogs dags. 18. apríl 2016, sem snertu m.a.:

- að nýta viðmið um einkenni miðkjarna og samgöngumiðuð þróunarsvæði sem birt eru í töflu 2. Viðmiðin, sem eru leiðbeinandi, snerta landnotkun og byggðarmynstur s.s. þetta blanda byggð, göngu- og hjólavænt umhverfi, almenningsrými, íbúðir á viðráðanlegu verði, og svo samgöngueinkenni s.s. almenningssamgöngur, bílastæðamál o.fl.

- að nýta skipulagsvinnuna til að hrinda í framkvæmd aðgerð 1.2.4. Þar er sveitarfélögunum ætlað að útfæra nánar þá miðkjarna sem skilgreindir eru í svæðisskipulaginu.

- að nýta skipulagsvinnuna til að hrinda í framkvæmd aðgerð 2.2.6. Þar er sveitarfélögunum ætlað að vinna með svæðisskipulagsnefnd að ákveða legu Borgarlínu.
- að nýta skipulagsvinnuna til að hrinda í framkvæmd aðgerð 2.3.5. þar sem hugað er að tengingu göngu- og hjólaleiða við framtíðar Borgarlínustöðvar.
- að byggja á gögnum úr svæðisskipulagsvinnunni við greiningum á áhrifum þess á framtíðar umferð ef sleppt verður að gera Kópavogsgögn.
- að bæta heilbrigðisnefnd Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis við sem umsagnaraðila vegna vatnsverndar.
- að gera svæðisskipulagsnefnd að umsagnaraðila í stað SSH.

Í tilefni af fyrirhuguðum breytingum á sveitarfélagamörkum Kópavogs var rætt um að nokkur mismunur er hvaða skilningur er lagður í þjóðlendur og stöðu úrskurðar Óbyggðanefndar. Í svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins er ekki mörkuð sérstök stefna um sveitarfélagamörk eða breytingum á þeim. Mikilvægt er þó að slík mál fylgi eðlilegum ferli en séu ekki ákveðin einhliða af einstaka sveitarfélagi meðan málið er rekið fyrir dómstólum.

Niðurstaða:

Svæðisskipulagsnefnd er sammála ábendingum svæðisskipulagsstjóra. Nefndin telur mikilvægt að fá kynningu á þjóðlendumálum og stöðu úrskurðar Óbyggðanefndar á næsta fundi.

2. Breyting á aðalskipulagi Mosfellsbæjar 2011 – 2030, Langihryggur / málsnr. 1605001.

Erindi skipulagsfulltrúa Mosfellsbæjar þar sem kynnt er verkefnislýsing skv. 1. mgr. 30. gr. skipulagslaga.

Umræður:

Hrafnkell Á. Proppé, svæðisskipulagsstjóri, lagði fram ábendingar sem sendar voru á skipulagsstjóra Mosfellsbæjar dags. 24. maí 2016, og varða ákvæði um gerð áhættumats á vatnsverndarsvæðum sbr. Vatnsverndarsamþykkt nr. 555/2015.

Bryndís Haraldsdóttir greindi frá að skipulagsnefnd Mosfellsbæjar samþykkti á fundi þann 31. maí að tillögu til forkynningar sbr. 2. mgr. 30 gr. skipulagslaga. Bryndís fór yfir tillöguna þar sem meðal annars er að finna ákvæði um gerð áhættumats.

Niðurstaða:

Svæðisskiplagsnefnd gerir ekki athugasemdir við tillögu að breytingu á aðalskipulagi Mosfellsbæjar við Langahrygg.

3. Tillaga að breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur 2010 – 2030; Vogabyggð / málsnr. 1605003

Erindi frá Reykjavíkurborg þar sem kynnt er drög að breytingu skv. 2. mgr. 30. gr. skipulagslaga.

Umræður

Hrafnkell Á. Proppé, svæðisskipulagsstjóri, greindi frá breytingartillögunni og benti á að ekki er fjallað um Borgarlínuna sem mun liggjum um eða hafa snertifleti við Vogabyggð. Mikilvægt er að sveitarfélögin hafi frumkvæði í að skilgreina nákvæma legu Borgarlínu og helstu stoppistöðva.

Niðurstaða:

Svæðisskipulagsnefnd beinir því til Reykjavíkurborgar að hrinda af stað aðgerð 2.2.6. og nýta skipulagsvinnu við Vogabyggð til að ákveða Borgarlínu og skilgreina stoppistöðvar í Vogabyggð. Í þeirri vinnu ætti útgangspunkturinn að vera þær leiðir sem skilgreindar voru í skýrslunni Borgarlína, greining á bestu legu og kom út hjá SSH í mars 2015.

4. Skýrsla JWA, Public Transport Choices Report, March 2016

Frestað til næsta fundar þannig að fleiri geti tekið þátt í umræðum.

5. Fyrirspurn Mosfellsbæjar varðandi lóð fyrir gagnaver í Sólheimalandi / málsnr. 1606002.

Erindi Mosfellsbæjar þar sem lögð er fram fyrirspurn um hvort áform um uppbyggingu gagnavers í Sólheimalandi útheimti breytingar á svæðisskipulagi.

Umræður

Hrafnkell Á. Proppé, svæðisskipulagsstjóri, lagði fram ábendingar sem sendar voru á skipulagsstjóra Mosfellsbæjar dags. 19. maí 2016. Þar kemur m.a. fram að málið geti haft mikið fordæmisgildi þar sem það snertir svæði utan vaxtarmarka.

Niðurstaða:

Svæðisskipulagsnefnd felur fagraði að fjalla um málið og skila álitu sínu fyrir næsta fund nefndarinnar.

6. Önnur mál

- a) Tölfræði höfuðborgarsvæðisins: Vakin var athygli að búið er að opna á tölfræðiupplýsingar á heimasíðu SSH www.ssh.is/toelfraedi. Á síðunni eru upplýsingar um lýðfræði, húsnæði og samgöngur, sem fengnar eru frá Þjóðskrá og Hagstofunni, settar fram á gröfum og kortum. Upplýsingarnar vistaðar á landupplýsingaserver SSH og eru aðgengilegar öllum sem vilja vinna með þær frekar.
- b) Skoðunarferð um höfuðborgarsvæðið: Fundarfólk sammála um skipuleggja þurfi skoðunarferð um höfuðborgarsvæðið fyrir nefndina. Svæðisskipulagsstjóra falið að undirbúa ferð komandi haust.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 17:00.